



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

Afbrotafræði II – FÉLA3AB05

Kennari	Bogi Ragnarsson, bogi.ragnarsson@fss.is stafbok.is, verkefnabok.is, moodle.fss.is																																					
Viðtalstími	Miðvikudagur 10:25 – 11:05																																					
Námsefni	Bogi Ragnarsson. (2025). <u>Afbrotafræði og sérhæfð viðfangsefni</u> . Stafbók. Bogi Ragnarsson. (2026). <u>Íslensk sakamál og kenningar</u> . Stafbók.																																					
Áfangalýsing	Framhaldsáfangi í afbrotafræði þar sem lögð er áhersla á að nemendur beiti gagnrýnni hugsun, kenningum og rannsóknarniðurstöðum við greiningu á raunverulegum viðfangsefnum. Efni áfangans byggist á ítarlegri umfjöllun um afbrot, orsakir þeirra, afleiðingar og viðbrögð samfélagsins. Meðal annars er fjallað um vopnuð átök, kynferðisbrot, heimilisofbeldi, mansal, nauðungarstjórnun, skipulagða glæpastarfsemi, raðmorð, mannshvörf, hryðjuverk, rafræn afbrot og fórnarlömb glæpastarfsemi. Einnig er fjallað um þróun refsinga, alþjóðlegan samanburð á afbrotum, afbrotasálfræði og íslensk sakamál. Í bókinni <i>Íslensk sakamál í ljósi kenninga</i> eru dómar greindir með hliðsjón af kenningum afbrotafræðinnar. Með þeirri vinnu öðlast nemendur aukið innsæi í að greina raunveruleg sakamál og dýpri skilning á því hvernig fræðileg hugtök og kenningar nýtast við túlkun á brotum, aðstæðum gerenda og viðbrögðum réttarkerfisins. Nemendur þjálfast í að lesa fræðilegt efni, túlka gögn, meta heimildir og greina viðfangsefni á gagnrýnninn og uppbyggilegan hátt. Markmiðið er að efla skilning, leikni og færni nemenda til að beita fræðilegri þekkingu, rannsóknarniðurstöðum og rökhugsun við greiningu afbrota og mat á leiðum til forvarna og úrbóta.																																					
Námsmat og vægi námsmatspátta	Til að ná áfanga þarf nemandi að ná 4,5 í meðaltal neðangreindra námspátta: <table><tr><td>Símatsáfangi ☒</td><td>Lokapróf ☐</td><td>Sleppikerfi ☐</td></tr><tr><td>Heiti</td><td colspan="2">Vægi</td></tr><tr><td>Raðmorðingjar</td><td colspan="2">7%</td></tr><tr><td>Hugarheimur raðmorðingja</td><td colspan="2">7%</td></tr><tr><td>Mannshvörf</td><td colspan="2">7%</td></tr><tr><td>Hryðjuverk</td><td colspan="2">6%</td></tr><tr><td>Skipulögð glæpastarfsemi</td><td colspan="2">6%</td></tr><tr><td>Afbrot í alþjóðlegum samanburði</td><td colspan="2">6%</td></tr><tr><td>Afbrot og eftirlit í stafrænum heimi</td><td colspan="2">6%</td></tr><tr><td>Fórnarlömb glæpastarfsemi</td><td colspan="2">6%</td></tr><tr><td>Þróun refsinga á tímum tæknibreytinga</td><td colspan="2">6%</td></tr><tr><td>Afbrotasálfræði</td><td colspan="2">7%</td></tr></table>		Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐	Heiti	Vægi		Raðmorðingjar	7%		Hugarheimur raðmorðingja	7%		Mannshvörf	7%		Hryðjuverk	6%		Skipulögð glæpastarfsemi	6%		Afbrot í alþjóðlegum samanburði	6%		Afbrot og eftirlit í stafrænum heimi	6%		Fórnarlömb glæpastarfsemi	6%		Þróun refsinga á tímum tæknibreytinga	6%		Afbrotasálfræði	7%	
Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐																																				
Heiti	Vægi																																					
Raðmorðingjar	7%																																					
Hugarheimur raðmorðingja	7%																																					
Mannshvörf	7%																																					
Hryðjuverk	6%																																					
Skipulögð glæpastarfsemi	6%																																					
Afbrot í alþjóðlegum samanburði	6%																																					
Afbrot og eftirlit í stafrænum heimi	6%																																					
Fórnarlömb glæpastarfsemi	6%																																					
Þróun refsinga á tímum tæknibreytinga	6%																																					
Afbrotasálfræði	7%																																					

Íslensk sakamál og kenningar	26%
Lokaverkefni	10%
Samtals	100%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt er að lesa fyrir hvern kafla. Lestrarkönnun er í fyrsta tíma áður en að kennsla hvers kafla hefst.
--	--

Grunnpættir menntunar	Grunnpættir menntunar fléttast inn í efnistöð, verkefnavinnu og námsmat áfangans. Læsi: Nemendur lesa fræðilega texta, rannsóknir, dóma og umfjöllun um afbrot. Þeir þjálfast í hugtakalæsi, gagnalæsi og því að greina og túlka upplýsingar, setja fram rökstudda afstöðu og miðla niðurstöðum í ræðu og riti. Sjálfbærni: Fjallað er um samfélagslegar aðstæður sem geta aukið hættu á afbrotum, svo sem ójöfnuð, vopnuð átök og stofnanir. Nemendur skoða einnig hvernig forvarnir, félagsleg úrræði og traustar stofnanir geta stuðlað að öruggara og sjálfbærara samfélagi. Lýðræði og mannréttindi: Nemendur fjalla um réttarríkið, mannréttindi, réttindi sakborninga og stöðu fórnarlamba. Þeir greina álitamál sem tengjast refsingu, eftirliti, hryðjuverkum, stafrænu öryggi og valdbeitingu og þjálfast í upplýstri og málefnalegri umræðu. Jafnrétti: Í áfanganum er fjallað um tengsl félagslegrar stöðu, kyns, valds og jaðarsetningar við afbrot og viðbrögð samfélagsins. Umfjöllun um kynferðisbrot, heimilisofbeldi, nauðungarstjórnun, mansal og fórnarlömb styður skilning á ólíkri stöðu og reynslu einstaklinga. Heilbrigði og velferð: Nemendur skoða félagslegar og sálrænar afleiðingar afbrota fyrir gerendur, fórnarlömb, aðstandendur og samfélagið. Fjallað er meðal annars um ótta, áföll, ofbeldi, afbrotasálfræði og mikilvægi forvarna, stuðnings og viðeigandi úrræða. Sköpun og nýsköpun: Nemendur beita kenningum og rannsóknarniðurstöðum á raunveruleg sakamál, greina dóma og þróa eigin skýringar og lausnir. Þeir nýta fjölbreyttar aðferðir við verkefnavinnu og setja fram hugmyndir um forvarnir, úrræði og viðbrögð við nýjum birtingarmyndum afbrota, meðal annars í stafrænum heimi.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu hugtökum, kenningum og rannsóknum afbrotafræðinnar • þróun afbrotafræðilegrar hugsunar og ólíkum skýringum á afbrotum • tilgangi afbrotafræðinnar og leiðum samfélagsins til að fyrirbyggja afbrot og bregðast við þeim • tengslum félagslegra aðstæðna, einstaklingsbundinna þátta og afbrotahegðunar • vopnuðum átökum og áhrifum óstöðugra samfélagsaðstæðna á afbrot • kynferðisbrotum, heimilisofbeldi, nauðungarstjórnun, mansali og öðrum brotum sem tengjast nánnum tengslum • raðmorðum, mannshvörfum, hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi • afbrotum í alþjóðlegu samhengi og viðbrögðum við alþjóðlegri glæpastarfsemi • afbrotum, eftirliti og fórnarlömbum í stafrænum heimi • þróun refsinga og áhrifum tæknibreytinga á afbrot og refsivörslu • afbrotasálfræði og sálrænum, félagslegum og aðstæðubundnum þáttum sem tengjast afbrotum • stöðu og reynslu fórnarlamba glæpastarfsemi • íslenskum sakamálum og því hvernig dómar og málgögn geta verið greind með hugtökum og kenningum afbrotafræðinnar • hvernig kenningar og rannsóknarniðurstöður geta aukið skilning á hegðun gerenda, aðstæðum brota og viðbrögðum réttarkerfisins	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • greina rannsóknir í afbrotafræði og leggja mat á aðferðir þeirra og niðurstöður • setja fram rannsóknarspurningar og skipuleggja einfaldar rannsóknir á sviði afbrotafræði • beita hugtökum og kenningum afbrotafræðinnar á raunveruleg viðfangsefni • greina dóma og íslensk sakamál með hliðsjón af kenningum afbrotafræðinnar • greina hvernig félagslegir, sálfræðilegir, líffræðilegir og aðstæðubundnir þættir geta haft áhrif á afbrot • greina eðli, umfang og birtingarmyndir afbrota innan samfélaga og á milli samfélaga • bera saman afbrot í raunveruleikanum og birtingarmynd þeirra í fjölmiðlum og stafrænum miðlum • skýra hvernig afbrot og frávík geta mótast af félagslegum skilgreiningum, viðmiðum og valdatengslum • greina vopnuð átök, kynferðisbrot, heimilisofbeldi, nauðungarstjórnun, mansal, raðmorð, mannshvörf, hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi • greina afbrot og eftirlit í stafrænum heimi, stöðu fórnarlamba og áhrif tæknibreytinga á afbrot og refsivörslu • skýra þróun refsinga og meta ólíkar leiðir samfélagsins til að fyrirbyggja afbrot og bregðast við þeim • nýta fræðilega þekkingu og rannsóknarniðurstöður til að túlka afbrot, aðstæður gerenda og viðbrögð réttarkerfisins.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • samþætta hugtök, kenningar og rannsóknarniðurstöður við greiningu á afbrotum, gerendum, brotapolum og viðbrögðum samfélagsins	

- leggja sjálfstætt og gagnrýnið mat á ólíkar skýringar á afbrotum og rökstyðja niðurstöður sínar með fræðilegum heimildum
- greina samspil félagslegra, sálrænna, líffræðilegra og aðstæðubundinna þátta við afbrotahegðun
- beita afbrotufræðilegum hugtökum og kenningum við greiningu íslenskra sakamála, dóma og málsgagna
- túlka flókin afbrot í innlendu og alþjóðlegu samhengi og greina áhrif samfélagsaðstæðna, valdatengsla og tæknibreytinga
- meta stöðu og reynslu brotþola og fjalla um viðkvæm viðfangsefni af virðingu, ábyrgð og siðferðilegri meðvitund
- bera saman fræðilega umfjöllun um afbrot við birtingarmyndir þeirra í fjölmiðlum og stafrænum miðlum
- leggja mat á aðgerðir til að fyrirbyggja afbrot, þróun refsinga og ólíkar leiðir samfélagsins til að bregðast við afbrotum
- greina áhrif stafrænnar tækni, eftirlits og nýrra brotaforma á einstaklinga, samfélag og refsivörslukerfið
- skipuleggja og framkvæma einfalda rannsókn á sviði afbrotufræði og túlka niðurstöður hennar með hliðsjón af rannsóknaraðferðum og takmörkunum
- taka þátt í faglegri umræðu um afbrot og réttarkerfið og setja fram skýrar, gagnrýnar og vel rökstuddar niðurstöður í ræðu og riti
- nýta þekkingu sína til að takast á við ný og ókunn viðfangsefni á sviði afbrotufræði á sjálfstæðan og ábyrgan hátt

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 3 tímar x 20 mín.	16 klst.
Lestrarpróf	8 x 0,5 klst.	4 klst.
Hópaverkefni	6 x 1 klst.	6 klst.
Rökræður	3 klst.	3 klst.
Kynningar	3 klst.	3 klst.
Heimasíðugreiningar	4 klst.	4 klst.
Verkefnabók	30 x 10 mín.	5 klst.
Leikir	10 x 0,5klst.	5 klst.
Myndbandagreiningar	10 x 0,5 klst	5 klst.
Lokaverkefni	1 x 5 klst.	5 klst.
Alls		120 klst. = 5 ein

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Raðmorðingjar	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
2. vika 24.-28. ágúst	Hugarheimur raðmorðingja	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
3. vika 31. ágúst-4. september	Hugarheimur raðmorðingja Mannshvörf	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
4. vika 7.-11. september	Mannshvörf	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
5. vika 14.-18. september	Hryðjuverk	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
6. vika 21.-25. september	Skipulögð glæpastarfsemi	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
7. vika 28. september-2. október	Afbrot í alþjóðlegum samanburði	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
8. vika 5.-9. október	Afbrot og eftirlit í stafrænum heimi	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Fórnarlömb glæpastarfsemi	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Þróun refsinga á tímum tæknibreytinga	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Afbrotasálfræði	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
12. vika 2.-6. nóvember	Afbrotasálfræði	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
13. vika 9.-13. nóvember	Vopnað rán og fæling Stofnanabundið siðrof	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
14. vika 16.-20. nóvember	Alþjóðlegt smygl og Pólstjarnan Stórfelld fíkniefnaframleiðsla Vændi og valdbeiting	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Skipulögð aftaka Stóra fíkniefnamálið Nauðungarstjórnun	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar
16. vika 30. nóvember-4. desember	Undirbúningur fyrir lokaverkefni	Sjá námsumsjónarkerfi og dagskrá vikunnar

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Bogi Ragnarsson